



STARFSLEYFI

Ferro Zink hf.

Kt. 460289-1309

Árstígur 6

600 Akureyri

- Heitzinkhúðun á stáli.-

Leyfið er veitt í samræmi við lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit m.s.br. Leyfishafi skal auk þess hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda á hverjum tíma og meðfylgjandi starfsleyfiskilyrðum.

Framsál þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfi og starfsleyfiskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess

Ef breytingar verða á starfseminni skal tilkynna það Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfis- og eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt gildandi gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra hverju sinni þar til tilkynnt hefur verið um stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

Gildir til: **23. maí 2035**

23. maí 2023

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
NORÐURLANDS EYSTRÁ

Leifur Þorkelsson
heilbrigðisfulltrúi

Sértæk starfsleyfisskilyrði

vegna zinkhúðunar með heitgalvaniseringu

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfisskilyrðin eiga við zinkhúðun á málmum með heitgalvaniseringu.
- 1.2 Ef fyrirtækið er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

2. Ásýnd lóðar og lóðarmörk

- 2.1.1. Halda skal vinnusvæðum, húsum, húsnæði, tækjabúnaði og umhverfi snyrtilegu. Geymsluplön skulu vera með bundnu slitlagi.
- 2.1.2. Tryggt skal að nýting lóðar sé í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðarmörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en fyrirtækið hefur til afnota.
- 2.1.1 Bifreiðar, þungavinnuvélar og annað það er starfseminni tilheyrir skal vista á lóð fyrirtækisins.
- 2.1.2 Hvers konar urðun eða brennsla á sorpi og öðrum úrgangi er með öllu óheimil á svæðinu.
- 2.1.3 Tryggt skal að úrgangur safnist ekki fyrr á lóð fyrirtækisins heldur sé honum komið í viðeigandi förgun.

3. Starfshættir og mengunarvarnir

3.1 Mengunarvarnir vegna fráveitu

- a. Sýrukör skulu staðsett í þró með niðurföll tengd tanki. Fari sýra niður skal henni dælt í kör en ekki í fráveitukerfið.
- b. Önnur niðurföll, en falla undir lið a, í vinnslurými skulu tengd sandfangi og skilju áður en þau tengjast fráveitu bæjarins. Vakta skal reglubundið sandfang og skilju.
- c. Takmarka skal eins og kostur er vatnsnotkun til hreinsunar á gólfi í vinnslusal, til að draga úr zinkmengun í frárennslisvatni.

3.2 Meðhöndlun sýrubæða og botnfalls

- a. Þungmálmamengaðri sýru¹ skal farga hjá viðurkenndum móttökuaðilum fyrir efnaúrgang (sjá þó lið 3.4e).
- b. Botnfellingar sem innihalda þungmálma, s.s. úr sýrukari eða sem falla til við hreinsun og hlutleysingu sýrubæða skal skila til viðurkenndra móttökuaðila fyrir efnaúrgang.

3.3 Útblástur

- a. Loftræstingu frá vinnslurými skal þannig háttáð að hún valdi ekki fólki í nærliggjandi húsakynnum og vegfarendum óþægindum eða heilsufarslegri áhættu vegna lyktar, mengunar eða hávaða.
- b. Afsog frá zinkbaði skal hreinsa (s.s. með pokasíum eða „sperrofilter“) þannig að sem minnst af rykögnum berist út í umhverfið. Hafa skal samráð við heilbrigðiseftirlitið varðandi síubúnað á loftræstingu.
- c. Tryggja skal góða loftræstingu umhverfis sýru-, og flussböð². Afsog frá sýrubæði skal hreinsa í viðeigandi hreinsibúnaði (s.s. vatnshreinsibúnaði eða dropaskilju).
- d. Ryk úr þurrhreinsibúnaði skal skila til viðurkenndra móttökuaðila.

3.4 Efnisval, meðferð efna og úrgangsmál

- a. Fyrirtækið skal einungis nota zink sem uppfyllir gæðakröfur um; „Special High Grade“ Íblöndun blýs í zinkböð er bönnuð.
- b. Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd, þ.m.t. sýrur, flusssölt og basa vegna hlutleysingu sýrubæðs á öruggan hátt og í samræmi við fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins.
- c. Hættulegum efnaúrgangi skal safnað í lokuð ílát og hann tryggilega varðveittur þar til honum er skilað til viðurkennds flutningsaðila eða móttökustöðvar.
- d. Þegar fyrirtækið afhendir hættulegan efnaúrgang til endurvinnslustöðva, móttökustöðva eða flutningsaðila skal fyrirtækið halda eftir kvittun fyrir afhendingu þar sem fram kemur magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Kvittanir þessar skulu geymdar í a.m.k. 3 ár og vera tiltækar eftirliti.
- e. Þungmálmamengaðri sýru skal farga hjá viðurkenndum móttökuaðilum fyrir efnaúrgang (sjá lið 3.2 a). Eftirlitið getur þó heimilað að hlutleystum vökva frá sýruböðum sé losað í fráveitu bæjarfélagsins hafi fyrirtækið áður sýnt fram á viðhlýtandi hreinsun og hlutleysingu. Önnur losun s.s. í jörð er óheimil.
- f. Ef fyrirtækið getur ekki endurnýtt eða endurunnið ösku og harðzink (*útfellingar*) frá zinkböðum eða uppsóp af zinkslettum frá gólfum skal slíkur úrgangur sendur í endurvinnslu eða í aðra viðurkennda móttöku fyrir úrgang.

¹ Viðmiðunargildi fyrir hlutleyst sýrubæð; Zn <0,5 mg/l, Pb <0,5 mg/l, Cu <0,5 mg/l, Cd<0,01 mg/l.

² Vatnslausn með ammóníakklóríði þ.e. salmaníak (NH₄Cl) og sínklóríði (ZnCl) í tilteknum hlutföllum

- g. Síuúrgang (sjá lið 3.3 b) skal meðhöndla sem spilliefni og skila til viðurkenndra móttökuaðila eða í endurvinnslu.

3.5 Vöktun á búnaði

- a. Eftirlit og viðhald með vélum og mengunarvarnabúnaði m.a. síum og skiljum skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun.

4. Eigið eftirlit

4.1 Fyrirtækið skal halda skrá yfir:

1. Upplýsingar um hreinleika þess zinks sem fyrirtækið notar sbr. lið 3.4a.
2. Magn og gerð hættulegs efnaúrgangs (sbr. liði; 3.4 d og e) sem skilað hefur verið til móttökustöðvar fyrir spilliefni.
3. Magn og gerð efnaúrgangs (s.b. lið; 3.4 f) sem skilað er til endurvinnslu svo og hlutleysts vökva frá sýruböðum sem er losað í fráveitu.
4. Tæmingar og reglubundið eftirlit með síubúnaði, olúgildru og sandfangi.
5. Atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir á vélum, óhöpp eða slys.

5. Ýmiss ákvæði

- 5.1.1 Tilkynna skal útgefanda starfsleyfis ef starfsemi fyrirtækisins er lögð niður og sama gildir ef eigendaskipti verða. Leggist starfsemin niður skal öllum spilliefnum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni.
- 5.3.1 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum.
- 5.3.2 Forráðamaður fyrirtækisins ber ábyrgð á að það starfi í samræmi við skilyrði þessi og skulu eintök af skilyrðunum ávallt tiltæk á vinnustað.

¹ Viðmiðunargildi fyrir hlutleyst sýrubað; Zn <0,5 mg/l, Pb <0,5 mg/l, Cu <0,5 mg/l, Cd <0,01 mg/l.

² Vatnslausn með ammóníakklóríði þ.e. salmaníak (NH₄Cl) og sínkklóríði (ZnCl) í tilteknum hlutföllum

³ Gæðakröfur til hráefnisins eru; Zn >99,995 (min%). Pb <0,003 (max%). Cd <0,003 (max%)

Fylgiskjal I

ALMENN STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR MENGANDI STARFSEMI

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

	Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1 Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á umtalsverðar breytingar á rekstrinum, taki nýr rekstraraðili við eða ef starfsemin flytur.	550/2018	
1.2 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.	Lög nr. 46/1980	
1.3 Í starfsleyfi eru skráðar sérstakar kröfur til mengunarvarna sem rekstur þarf að uppfylla.	550/2018	
1.4 Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu aðgengilegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt.	550/2018	
1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækisins að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.	550/2018	
1.6 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.	Lög nr. 7/1998	
1.7 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.	Lög nr. 55/2012	

LÓÐ OG HÚSNÆÐI

	Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1 Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt sorpílát.	737/2003 16. og 18. gr., sbr. rgl. 550/2018	
2.2 Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð.	737/2003 16. og 18. gr., sbr. rgl. 550/2018	
2.3 Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.	112/2012	
2.4 Afla ber leyfis fyrir staðsetningu olútanka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	884/2017	
2.5 Bifreiðum, tækjum, lausamunum, úrgangi og annað sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila og þannig að ekki valdi slyshættu. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppdráttum sem slíka geymslu.	112/2012 og rgl. nr. 737/2003	

MENGUNARVARNIR

	Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1 Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr hljóðmengun og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfseminni, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.	724/2008	
3.2 Loftræstingu skal þannig háttáð að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri er heilbrigðisnefnd heimilt að krefjast úrbóta s. s. breytinga á útrásum, eða hreinsunarbúnaðar.	724/2008, rgl. nr. 550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.	
3.3 Upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennslilagna skulu vera tiltækar í fyrirtækinu. Engar breytingar verði gerðar á frárennsli sem skerði mengunarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni. Fráveitukerfi skal vera tvöfalt sé þess talin þörf. Mengunarnabúnaði skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.	798/1999	

3.4 Við meðferð alls úrgangs verði þess gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs eins og við á.	737/2003	
3.5 Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.	415/2014 og lög nr. 61/2013	
3.6 Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndluð af varúð og aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum og úrgangi. Spilliefnum sé skilað í viðurkennda söfnunar- eða móttökustöð. Mikilvægt er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.	806/1999	
3.7 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósonlagsins.	970/2013	
3.8 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndur sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.	888/2015 og lög nr. 61/2003	
3.9 Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á olíu og olíuefnum, varúðar- og hættumerktum efnum og spilliefnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað, yfirfara þarf hana reglubundið með starfsmönnum og halda æfingar til að æfa viðbrögð a.m.k. einu sinni á ári.	884/2017	

SPILLIEFNI OG ÚRGANGUR

	Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er kostur. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.	737/2003	
4.2 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.	806/1999	
4.3 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.	798/1999 5. gr.	

4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð, traust ílát, sem henta viðkomandi efnunum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.	806/1999	
4.5 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings spilliefna.	806/1999	
4.6 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Sams konar upplýsingar skulu fylgja spilliefnunum. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit í fyrirtækinu.	806/1999 11. gr.	
4.7 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, með síðari breytingum.	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016	

EFTIRLIT

	Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1 Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir annast eftirlit með atvinnurekstri. Um gjaldtöku fyrir eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.	550/2018 og lög nr. 7/1998	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerða nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósónlagsins, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.

Fylgiskjal II

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR sandblástur og skylda starfsemi

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

	Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1 Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur sandblásturverkstæðis og skylda starfsemi.	550/2018 5. gr.	
1.2 Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.	550/2018 6. gr.	
1.3 Ef rekstraraðili er með annan starfsleyfisskyldan rekstur, gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.	
1.4 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju.	550/2018 13. gr.	

2. ÁSÝND LÓÐAR OG LÓÐARMÖRK

	Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1 Halda skal húsnæði og umhverfi snyrtilegu. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulegs- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt.	737/2003 og rgl. nr. 112/2012	
2.2 Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur til afnota.	550/2018 og rgl. nr. 112/2012	
2.3 Óheimilt er að geyma lausafjarmuni s.s. ónýtar vélar og vélarhluti og annan úrgang á lóð þannig að snúi að almannafæri eða valdi slyshættu.	737/2003	
2.4 Búnaður eða lausamunir sem tilheyra rekstri skal komið snyrtilega fyrir á umráðasvæði rekstraraðila. Geymslusvæði á lóð skal skerma af þar sem við á, vegna fokhættu, slyshættu eða það sé til lýta í umhverfi.	737/2003	
2.5 Staðsetning geymslugáma er háð leyfi hlutaðeigandi byggingaryfirvalda	112/2012	

3. MENGUNARVARNIR

	Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1 Sandblástur skal fara fram innandyrna eða í þar til gerðu skýli. Tryggt skal með viðeigandi hreinsibúnaði á útblæstri að ryk berist ekki út og valdi nágrönnum og umhverfi skaða eða óþægindum. Staðsetning útblástursops skal ákveðin í samráði við heilbrigðisnefnd.	550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.	
3.2 Heilbrigðisnefnd getur heimilað tímabundið að sandblástur fari fram utandyra ef aðstæður krefja enda skal þá tryggilega frá því gengið að starfsemin sé skermuð af. Rekstraraðili er ábyrgur fyrir því að ryk berist ekki út fyrir hið afskermaða svæði.	550/2018 og rgl. nr. 787/1999	
3.3 Rekstraraðili er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að takmarka hávaða frá starfseminni eins og kostur er og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfseminni. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.	724/2008	
3.4 Nota skal viðeigandi búnað, t.d. gúmmípúða og mottur, til að dempa hávaða.	724/2008	
3.5 Allar vélar og tæki og annað það er starfseminni tilheyrir skal vistað á lóð rekstraraðila og þannig frá því gengið að ekki valdi óþægindum fyrir nágretta né sé til lýta. Sama gildir um hluti sem rekstraraðili tekur í vinnslu.	sbr. ákvæði 2.1 og 2.2 í fylgiskjali með auglýsingu nr. 582/2000	
3.6 Á fráveitulögn skal vera sandfang.	798/1999	
3.7 Á fráveitulögn frá rýmum þar sem háþrýstipvottur fer fram skal koma fyrir olúgildru.	798/1999	
3.8 Frá öllum sandi (notuðum sem ónotuðum) skal þannig frá gengið að ekki sé hætt á að hann fjúki (t.d. að geyma hann í sandsílóum eða byrgðum þróm).	550/2018 og rgl. nr. 787/1999	
3.9 Þar sem sprautun og lökkun fer fram skal vera viðeigandi síubúnaður á útblásturslofti og það leitt upp fyrir þakbrún og hærra ef þörf krefur.	787/1999	

4. ÚRGANGUR OG SPILLIEFNI

Rgl.nr.

Uppfyllt

4.1 Gámum og öðrum ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum og skulu þau standast kröfur heilbrigðisnefndar.	737/2003 11., 17. og 18. gr.	
4.2 Dregið skal úr myndun úrgangs. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er kostur. Um úrgang fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.	737/2003	
4.3 Rekstraraðili skal eftir fremsta megni draga úr myndun spilliefna, m.a. með notkun skaðlausra efna, með endurnýtingu eða endurvinnslu.	806/1999 5. gr.	
4.4 Geyma skal hættuleg efni og spilliefni í lokuðum ílátum og á þann hátt að ekki sé hætt á að þau berist út í jarðveg eða fráveitu.	806/1999 8. gr., rgl. nr. 415/2014 og lög nr. 61/2013	
4.5 Úrgangssandi skal fargað í samráði við heilbrigðisnefnd.	737/2003	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.